



**285. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 5. mars 2020 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. Varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí.**

**Forföll: Ása Ólafsdóttir og Ingi Þór Ágústsson.**

#### **1. Ólympísk málefni**

Þórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir það helsta á sviðinu.

#### **2. Fagsvið ÍSí**

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. ÍSí hlaut styrk úr Málræktarsjóði til að vinna að iðorðasafni íþróttar og hefur Gísli Ásgeirsson íslenskufraeðingur og þýðandi verið ráðinn sem verkefnastjóri fyrir verkefnið. Verið er að undirbúa málstofu um rafleiki sem áætlað er að halda í lok apríl nk.

Lilja Sigurðardóttir meðlimur í fagráði Almenningsíþróttasviðs ÍSí fór yfir það helsta í starfsemi sviðsins. Lífhlaupinu er nýlukið og var þátttakan í ár mjög góð eða ríflega 18 þúsund manns. Aukningin á milli ára er 9,2%. Undirbúningur fyrir verkefni sviðsins á árinu 2020 gengur vel. Vinnufundur sviðsins verður haldinn 10. mars og hefur framkvæmdastjórn verið boðið að sitja fundinn.

#### **3. Fjárhagsáætlun 2020**

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun 2020. Rekstur ársins 2019 var þungur og skilaði 3ja milljón króna tapi, sem þó var minna en áætlað var í fjárhagsáætlun þess árs. Ljóst er að sýna þarf aðgæslu í rekstri sambandsins á árinu 2020 ef ekki kemur til herra framlag frá ríkisvaldinu.

Framlögð fjárhagsáætlun 2020 samþykkt samhljóða.

Almennar umræður urðu um sívaxandi erfiðleika allra eininga íþróttahreyfingarinnar við að afla sér styrktaraðila og viðhalda gerðum samningum.

#### **4. Afrekssjóður ÍSí**

Tvö sérsambönd hafa sent Afrekssjóði ÍSí athugasemdir í kjölfar úthlutana úr sjóðnum fyrir árið 2020 og hefur verið fundað með formönnum þeirra sambanda. Lilja Sigurðardóttir skýrði málið. Síðasta úthlutun var þriðja úthlutun sjóðsins eftir að reglugerð sjóðsins var breytt, í kjölfar stóraukins framlags ríkisins til sjóðsins, og er komin ágæt reynsla á það

fyrirkomulag. Sjóðsstjórnin ráðgerir að yfirfara reglugerð sjóðsins með tilliti til þeirrar reynslu.

Samþykkt að yfirfara og eftir atvikum endurskoða Reglugerð ÍSÍ um Afrekssjóð ÍSÍ.

Forseti ítrekaði nauðsyn þess að um úthlutanir Afrekssjóðs ÍSÍ ríki trúnaður þar til búið er að ganga frá samningum við viðkomandi sérsambönd og birta úthlutunina opinberlega.

## **5. Ólympíufjölskylda ÍSÍ**

Fyrirtækið Valitor sem verið hefur aðili að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ um áratugaskeið hefur dregið sig út úr samstarfinu vegna erfiðleika í rekstri fyrirtækisins og uppsagna starfsfólks. Verið er að leita að aðila sem gæti tekið stað Valitor í Ólympíufjölskyldu ÍSÍ.

Bókaðar þakkir til Valitor fyrir frábært samstarf í gegnum tíðina. Framkvæmdastjórn ÍSÍ óskar fyrirtækinu alls góðs í framtíðinni.

## **6. Kórónaveiran COVID 19**

Framkvæmdastjóri ÍSÍ fór yfir stöðu mála. Búið er að senda sambandsaðilum upplýsingar um fyrirmæli sóttvarnalæknis og almannavarna og hvetja hreyfinguna til að fylgjast vel með nýjustu upplýsingum varðandi kórónaveiruna og fylgja fyrirmælum vandlega.

## **7. Skipan fulltrúa ÍSÍ í samráðshóp um stefnu stjórnvalda um íþróttastefnu**

Óskað er eftir fulltrúa frá ÍSÍ (tilnefna bæði konu og karl) í samráðshóp um stefnu stjórnvalda um íþróttastefnu. Samþykkt að tilnefna Viðar Garðarsson formann fagráðs Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ og Þóreyju Eddu Elísdóttur formann fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ til verkefnisins.

## **8. Skipan í samráðshóp um hagræðingu úrslita kappleikja**

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri hefur verið skipuð í ofangreindan samráðshóp. Skipunartími hópsins er til 31. desember 2023. Ekki var kallað eftir tilnefningu frá ÍSÍ.

## **9. Umsókn UMSB um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ**

Tekin fyrir umsókn Ungmennasambands Borgarfjarðar um gæðavottunina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Þróunar- og fræðsluvið ÍSÍ hefur farið yfir umsóknina og fylgiskjöl hennar og staðfest. Umsókn UMSB samþykkt samhljóða. Afhending er fyrirhuguð 12. mars á þingi UMSB.

## **10. Kynning á stefnumótunarvinnu Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ**

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ kynnti drög að stefnumótun sviðsins í fræðslu- og útbreiðslumálum til ársins 2030. Sviðið mun vinna áfram að stefnumótuninni.

## **11. Íþróttir og trans börn**

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir kynnti nýjan bækling ÍSÍ um trans börn og íþróttir. Alþjóðadagur sýnileika trans fólks er 31. mars nk. og er þá fyrirhugað að halda málþing í samvinnu við þá sem komu að gerð bæklingins og kynna hann þar.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með bæklinginn og góðar upplýsingar Kolbrúnar um efni hans og innihald.

## 12. Skráning raunverulegra eigenda hjá RSK

Framkvæmdastjóri fór yfir aðgerðir ÍSÍ vegna nýrrar skráningu raunverulegra eigenda hjá Ríkisskattstjóra. Íþróttahreyfingin fékk skamman fyrirvara til skila og þegar á reyndi kom í ljós að eyðublöð RSK hentuðu ekki vel fyrir félagasamtök. Eftir fund ÍSÍ með fulltrúum RSK um málið var farið í það af hálfu RSK að auðvelda einingum íþróttahreyfingarinnar að skila umbeðnum upplýsingum með því að aðlaga eyðublöð betur að félagasamtökum og opna fyrir aðra möguleika á skilum heldur en í gegnum rafrænt skilakerfi RSK.

## 13. Heiðranir

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti með rafrænum hætti eftirfarandi heiðranir á ársþingi **UMSK:**

Gullmerki ÍSÍ: Magnús Gíslason

Silfurmerki: Eiríkur Mörk og Kristín Finnbogadóttir.

Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti, afhenti heiðursviðurkenningarnar á þingi sambandsins.

Eftirfarandi tilnefningar sambandsaðila ÍSÍ til heiðrana samþykktar:

### **HSP:**

Hermann Aðalsteinsson – Gullmerki ÍSÍ

Guðrún Kristinsdóttir – Gullmerki ÍSÍ

Áætlað er að afhenda heiðursviðurkenningarnar á ársþingi HSP 2020.

### **HSK:**

Ólafur Þórisson – Silfurmerki ÍSÍ

María Rósa Einarsdóttir – Silfurmerki ÍSÍ

Áætlað er að afhenda heiðursviðurkenningarnar á ársþingi HSK 2020.

### **UMSB:**

Jón G. Guðbjörnsson – Gullmerki ÍSÍ

Sigurður Guðmundsson – Gullmerki ÍSÍ (áður samþykkt en óafhent)

Heiðursviðurkenningarnar verða afhentar á ársþingi UMSB 12. mars nk.

## 14. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og samþykktar:

- 284. fundur framkvæmdastjórnar
- 3. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 185. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ
- Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ frá 24. febrúar 2020
- Laganefnd ÍSÍ frá 3. mars 2020 – **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála skv. fundargerðinni samþykktar. Að auki samþykkt lagfærð lög Knattspyrnufélagsins Bjarnastaða en gerðar voru breytingar á lögnum eftir athugasemdir ÍSÍ og nafni félagsins var breytt að ósk ÍSÍ.**

## 15. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## 16. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur stjórnar er fyrirhugaður 27. mars nk.

## 17. Önnur mál

### *Skipulagsbreytingar á skrifstofu MRN*

Framkvæmdastjóri skýrði skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið á skrifstofu menntamála í mennta- og menningarráðuneytisins. Fagskrifstofur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu verða eflar en stoðskrifstofum fækkað samkvæmt nýju skipulagi sem hefur verið kynnt.

Íþrótta- og æskulýðsmál munu færast yfir í nýja skrifstofu, skrifstofu skóla-, íþrótta- og æskulýðsmála. Nýtt skipurit mun taka gildi 15. febrúar nk. en með þessum breytingum á að efla kjarnastarfsemi ráðuneytisins.

### *Þríþraut á GSSE 2023*

Lagt fram bréf Þríþrautarsambands Íslands þar sem óskað er eftir stuðningi framkvæmdastjórnar ÍSÍ ef tillaga kemur fram hjá samtökum GSSE um þríþraut sem eina af keppnisgreinum Smáþjóðaleikanna á Möltu 2023. Samþykkt að taka jákvæða afstöðu til slíkrar tillögu ef framkvæmdaraðilar leggja hana fram á aðalfundi GSSE 2020.

### *Skipan vinnuhóps sérsambanda og íþróttahéraða vegna framtíðarskipulags*

Á Íþróttáþingi ÍSÍ 2019 var samþykkt að skipa vinnuhópa sérsambanda annars vegar og íþróttahéraða hins vegar til að skoða framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

Vinnuhópur íþróttahéraða verður skipaður sömu aðilum og sitja í vinnuhópi sem ákveðið var að setja á fót á óformlegum fundi íþróttahéraða í tengslum við Formannafund ÍSÍ 2019. Samþykkt að óska eftir tilnefningum frá KKÍ, FRÍ, TKÍ, ÍHÍ og KRAFT til að sitja í vinnuhópi sérsambanda um málið.

### *Styrkur úr Lýðheilsusjóði*

ÍSÍ hlaut styrk að upphæð kr. 1.500.000,- úr Lýðheilsusjóði til almenningsíþróttaverkefna.

### *Ferðasjóður íþróttafélaga*

Skrifstofustjóri fór yfir umsóknarferli og úrvinnslu umsókna í Ferðasjóði íþróttafélaga og kynnti nánast fullunnin drög að úthlutun úr sjóðnum. Enn er beðið svara vegna nokkurra fyrirspurna til umsækjenda, sem taka þarf tillit til við endanlegan útreikning.

Skrifstofustjóra veitt heimild til að senda endanleg drög að úthlutun til framkvæmdastjórnar ÍSÍ með tölvupósti, til afgreiðslu ef stjórn telur nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir til að hægt sé að taka afstöðu til málsins.

Stefnt er að útgreiðslu styrkja um leið og samþykki hefur fengist frá framkvæmdastjórn ÍSÍ.

*Fundur með UMFÍ*

Fyrirhugað er að halda sameiginlegan fund framkvæmdastjórna ÍSÍ og UMFÍ 27. mars nk., í kjölfar stjórnarfundar ÍSÍ, þar sem rædd verða ýmis hagsmunamál er tengjast báðum samtökunum.

*Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs*

Framkvæmdastjóri skýrði frá samstarfssamningi mennta- og menningarmálaráðuneytis við Domus Mentis um hlutverk samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. Domus Mentis hefur auglýst eftir starfsmanni til að sinna embættinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari